



Ársskýrsla 2022



NÝHEIMAR
PEKINGARSETUR



Unnið með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, mynd KVP

Nýheimar þekkingarsetur Ársskýrsla 2022

Ritstjóri: Hugrún Harpa Reynisdóttir
Texti: Hugrún Harpa Reynisdóttir
Kristín Vala Prastardóttir
Steinunn Hödd Harðardóttir

Umbrot: Kristín Vala Prastardóttir

Ljósmyndir: Hugrún Harpa Reynisdóttir
Kristín Vala Prastardóttir
Þorsteinn Roy Jóhannsson

Forsíðumynd: Eyrarrós, mynd KVP

Prófarkarlestur: Hrefna Rún Kristinsdóttir

Útgefandi: Nýheimar þekkingarsetur
Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði
Sími: 470 8088
Útgáfa: Maí 2023



Við Papós, mynd KVP

Efnisyfirlit

Formáli forstöðumanns.....	1
Skýrsla stjórnar.....	3
Starfsemi Nýheima þekkingarseturs.....	4
Starfsfólk.....	5
Verkefni ársins 2022.....	7
Nýheimar 20 ára	8
Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema.....	9
Ráðgjöf og þjónusta við frumkvöðla og atvinnulíf.....	10
Nýsköpunarhópur	10
Valdefling ungmenna.....	11
Innlend samstarfsverkefni og þjónustuverkefni.....	13
Polmarkarannsókn á Breiðamerkursandi	13
Hornafjörður náttúrulega	13
Fab stelpur og tækni.....	14
Gróska - félagslandbúnaður.....	14
Umhverfis Hornafjörður	15
Samtök þekkingarsetra	15
Erlend samstarfsverkefni	16
Legends.....	16
Sustainable.....	17
Digital Communities.....	18
NICHE.....	19
SPECIAL	19
Fjárhagur	20



Hugrún Harpa, forstöðumaður setursins, mynd ÞRJ

Formáli forstöðumanns

Árið 2022 var níunda starfsár setursins og eitt það annasamasta fram til þessa. Verkefni setursins voru mörg og fjölbreytt en fjölbjóðleg samstarfsverkefni voru sérstaklega fyrirferðarmikil þetta árið. Setrið hefur víðtækt hlutverk sem hverfist um fjórar stoðir þess; menntun, menningu, nýsköpun og rannsóknir. Það er því fátt sem er setrinu óviðkomandi enda hefur það jafnframt skýrt hlutverk gagnvart samfélaginu og er því ætlað að styðja við þróun byggðarinnar og lífsgæði íbúa.

Hlutverk og markmið setursins eru skýrt skilgreind í skipulagsskrá setursins og samningi þess við mennta- og menningarmálaráðuneytið, nú háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Eitt þeirra markmiða er að tryggja aðgengi að fjölbreyttu og góðu námi fyrir íbúa svæðisins alla ævi. Tækifæri íbúa til menntunar er eitt af okkar hjartans málum og hefur hvert tækifæri til að ræða málefnið við ráðamenn landsins verið vel nýtt. Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir okkar samfélag, heldur landsbyggðina alla, að fólki verði gert kleift að mennta sig óháð búsetu.

Nýheimar þekkingarsetur tók við þjónustu við háskólanema á Hornafirði árið 2017 en áður hafði Háskólafélag Suðurlands veitt þá þjónustu á staðnum. Við hjá setrinu höfum lagt ríka áherslu á að skapa hvetjandi námsumhverfi í Nýheimum og veita faglega, góða og sveigjanlega þjónustu til háskólanema. Fram til þessa hefur setrið tekið vægt gjald vegna prófþjónustu en nemendur hafa fengið aðgang að námsaðstöðu í Nýheimum án endurgjalds. Endurnýjun samninga við þekkingarsetur landsins, þar á meðal við Nýheima þekkingarsetur, hefur verið í vinnslu innan ráðuneytisins um nokkurra ára skeið. Við endurnýjun samnings mun setrið leggja áherslu á að hlutverk þess sem miðstöð háskólanáms á svæðinu verði skrifað sterkar inn í samninginn og um leið fylgi fjármagn því hlutverki svo setrið geti veitt þjónustu við próftöku án endurgjalds.

Áhersla setursins á aukin tækifæri til menntunar á ekki aðeins við um háskólanám þó hlutverk þess sé í dag umfangsmest á því sviði. Setrið vill jafnframt, í samstarfi við aðrar stofnanir, auka tækifæri íbúa til sí- og endurmenntunar, óformlegs náms og fræðslu hvers konar. Þegar þessi orð eru skrifuð hefur menntahópur Nýheima verið stofnaður en hópurinn er skipaður fulltrúum frá þekkingasetrinu, FAS, Fræðsluskrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Háskólafélagi Suðurlands, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði og Fræðsluneti Suðurlands. Hópurinn hefur á sínum fyrstu fundum fjallað um málefni stoðarinnar og þar á meðal hvernig megi efla tækifæri íbúa til menntunar og fræðslu í heimabyggð. Þá er ekki síst verið að horfa til óformlegrar menntunar og tómstundanámskeiða en í fyrri verkefnum og samtölum við íbúa hafa komið fram ábendingar um að skortur sé á tómstunda-

tengdum námskeiðum og annarri óformlegri fræðslu. Slík fræðsla hefur ekki síst mikið gildi sem hluti af lífsgæðum íbúa og sem tækifæri einstaklinga til samfélagslegrar þátttöku.

Aukin tækifæri til menntunar eru mikilvæg fyrir jafnt unga sem aldna þó áherslur og þarfir hópanna geti verið ólíkar. Það er því afar mikilvægt starfinu að vera í góðum tengslum við sitt samfélag og í reglulegu samtali við íbúa. Innan setursins er rík áhersla lögð á að starfsemin hafi ávallt til hliðsjónar þarfir samfélagsins á hverjum tíma og að hún búi yfir þeim sveigjanleika að geta mætt þeim þörfum eftir fremsta megni. Setrið bauð, á haustmánuðum ársins 2022, íbúum á rafrænan fyrirlestur með streituráðgjafanum Aldísi Örnú hjá Streituskólanum. Umfjöllunarefni fyrirlestursins var streita, einkenni hennar, orsakir og afleiðingar. Viðburðurinn var gott dæmi um það hvernig setrið hefur vilja og getu til þess að láta málefni líðandi stundar endurspeglast í starfi þess.

Það eru forréttindi að leiða stofnun sem er drifin áfram af ástríðu fyrir málefnum og velferð samfélagsins. Í starfi setursins eru óþrjótandi tækifæri til þess að láta gott af sér leiða og munu hagsmunir samfélagsins áfram vísa veginn í starfi Nýheima þekkingarseturs. Ég vil einnig við þetta tækifæri þakka mínum einstöku samstarfskonum, öllum sem einni, fyrir þeirra dugnað, kraft, vináttu og virðingu.

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Forstöðumaður, 28. mars 2023



Skýrsla stjórnar

Nýheimar þekkingarsetur er samstarfshattur ólíkra stofnana sem starfa á sviði menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna á Suðausturlandi. Aðildarstofnanir setursins eru ellefu talsins: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofa Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Mátis, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Suðausturlands, Ríki Vatnajökuls, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Vatnajökulspjóðgarður og Vöruhúsið. Fulltrúar í stjórn setursins eru tíu en Mátis hefur kosið að tilnefna ekki fulltrúa í stjórn. Árið 2022 voru embætti stjórnar svo skipuð: Steinunn Hödd Harðardóttir formaður stjórnar, Gunnar Þór Jóhannesson varaformaður, Kristín Hermannsdóttir og síðar Ingunn Jónsdóttir sem gjaldkerar og Vilhjálmur Magnússon ritari. Aðrir stjórnarmenn voru: Eyrún Helga Ævarsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson og Þorkell Óskar Vignisson. Breytingar urðu á stjórn á árinu þegar Lilja Jóhannesdóttir tók sæti Kristínar Hermannsdóttur sem fulltrúi Náttúrustofu Suðausturlands. Kristján Guðnason tók sæti Þorkels Óskars Vignissonar sem fulltrúi Ríkis Vatnajökuls og Lind Völundardóttir tók sæti Eyjólf Guðmundssonar sem fulltrúi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Haldnir voru níu stjórnarfundir auk ársfundar en sjá má fundargerðir þeirra á heimasíðu setursins.

Á árinu beindi stjórn sjónum sínum sérstaklega að áherslum í starfi setursins og stjórnar. Í upphafi árs lá ljóst fyrir að af fjárhagslegum ástæðum þyrfti að draga saman í starfi setursins með fækkun starfsfólks. Stöðugildum innan setursins hafði fjölgað talsvert á undanförunum árum og byggði sú fjölgun einvörðungu á góðum árangri styrkjasóknar. Til skamms tíma er gerlegt að standa undir slíkri sértekjupörf en til langs tíma er það ekki vænlegt rekstrarform. Þegar svo lítil stofnun sem Nýheimar þekkingarsetur verður svo háð sértekjum hefur það ekki eingöngu áhrif á fjárhagslegan stöðugleika. Það hefur einnig þau áhrif að mikil orka fer í öflun styrkja sem kemur niður á þeim tíma sem starfsfólk hafa til að sinna kjarnastarfseminni. Eftir umfjöllun í stjórn var tekin sú ákvörðun að vænlegra væri við þessar aðstæður að draga saman seglin, minnka sértekjupörf setursins og þannig gera starfsfólki kleift að vinna nánar að kjarnaverkefnum starfseminnar.

Þessu tengt er vert að nefna að enn er unnið, innan ráðuneytis, að endurnýjun samninga við þekkingarsetur landsins og þar á meðal Nýheima þekkingarsetur en samningur setursins hefur verið framlengdur til eins ár í senn síðan í lok árs 2016. Stjórn og forstöðumaður munu áfram tala fyrir því að með nýjum samningi verði grunngerð- og fjármögnun setursins tryggð.

Stjórn ákvað enn fremur að gera tilraun með breytt fyrirkomulag stjórnarfunda á líðandi vetri. Fundum var fækkað lítillega en einnig var ákveðið að hafa til skiptis hefðbundna stjórnarfundir og samstarfsfundir. Samstarfsfundir hafa verið helgaðir umfjöllun samstarfsstofnana um stoðir setursins.

Árið 2022 var afar annasamt ár hjá starfsmönnum Nýheima þekkingarseturs og fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki setursins fyrir vel unnin störf, elju þeirra og metnað fyrir starfi setursins.

Steinunn Hödd Harðardóttir
Steinunn Hödd Harðardóttir
 Formaður stjórnar 28. mars 2023



Frá Haukafelli, mynd HHR

Starfsemi Nýheima þekkingarseturs

Árið 2022 var gott en afar krefjandi ár í starfi setursins. Talsverðar breytingar urðu á starfsmannahópi setursins og fækkaði föstum starfsmönnum þess. Undir lok sumars voru starfsmenn setursins þrír auk verktaka sem unnu að afmörkuðum verkefnum.

Starfsemi setursins hverfist um samfélag okkar og eflingu samstarfs um stoðirnar fjórar með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi. Setrið hefur frá stofnun víkkað út samstarfsnet sitt og á nú í öfluglu samstarfi við stofnanir innanlands sem utan. Aðildarstofnanir setursins mynda innsta kjarna samstarfsnetsins og hefur sá kjarni staðið að fjölda öflugra samstarfsverkefna. Sem dæmi má nefna leiðarþjálfun fyrir frumkvöðlaráðgjafa sem haldin var af Háskólafélagi Suðurlands og starfsfólk setursins tók þátt í. Þar komu saman 25 ráðgjafar af öllu Suðurlandi og miðaði þjálfunin að því að efla þátttakendur í því hlutverki sínu að veita frumkvöðlum stuðning. Polmarkaverkefni sem Nýheimar þekkingarsetur og Náttúrustofa Suðausturlands hafa umsjón með fyrir Vatnajökulsþjóðgarð er annað dæmi um samstarfsverkefni aðildarstofnana.

Samstarf við Sveitarfélagið Hornafjörð eflist enn frekar á árinu en á grundvelli samstarfs- og styrktarsamnings hefur samstarfsverkefnum fjölgað mjög. Sem dæmi um verkefni má nefna Umhverfis Hornafjörð, nýsköpunarhóp og Fab stelpur og tækni. Nýjasta samstarfsverkefni setursins og sveitarfélagsins, og jafnframt það umfangsmesta til þessa, er svo Hornafjörður náttúrulega. Þá er setrið samstarfsaðili sveitarfélagsins vegna samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstur Fab Lab smiðjunnar í Vöruhúsi.

Utan innsta kjarna á setrið í góðu samstarfi við önnur þekkingarsetur landsbyggðarinnar, háskóla landsins, fyrirtæki og einstaklinga. Einnig hefur Evrópskt tengslanet setursins vaxið gríðarlega með þeim fjölda erlendu samstarfsverkefna sem setrið hefur tekið þátt í. Erlendar stofnanir leita ítrekað eftir samstarfi við setrið sem hefur að undanfögnu þurft að hafna þátttöku í styrkumsóknum vegna anna. Það er mikils virði að tengjast öðrum stofnunum utan landssteinanna enda felast í því mikil tækifæri til þekkingaryfirfærslu á báða bóga.

Tíu starfsmenn störfuðu hjá setrinu á árinu, meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf voru fjórir. Setrið er með skrifstofur á Vesturgangi á neðri hæð Nýheima.



Starfsfólk setursins á fundi SPS, mynd óþk.

Starfsfólk



Forstöðumaður setursins er Hugrún Harpa Reynisdóttir. Hugrún er með BA próf í félagsfræði og MA próf í umhverfis- og auðlindafræði. Sinnir hún daglegum rekstri setursins, öflun fjármagns og verkefna. Einnig vinnur hún að verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna setursins.

Kristín Vala Þrastardóttir er sérfræðingur hjá setrinu, hún er með BA próf í spænsku og ferðamálafræði og MS í menningarstjórnun. Kristín Vala sinnir verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna og hefur umsjón með þjónustu við háskólanema.



Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir er sérfræðingur hjá setrinu, sinnir hún þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS. Guðrún er með BS próf í byggingaverkfræði og mastergráðu í markaðsfræðum frá Bifröst. Guðrún var í námsleyfi á vormisseri en snéri aftur til starfa í maí.

Guðný Gígja Benediktsdóttir var í tímabundnu starfi en hún leysti Guðrúnu Ásdísi af á meðan á námsleyfi hennar stóð. Guðný sinnti þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS. Guðný Gígja er með BS próf í ferðamálafræði.



Sigríður Helga Axelsdóttir var í tímabundnu hlutastarfi hjá setrinu og starfaði hún sem sérfræðingur og kom að verkefnastjórnun í fjölbjóðlegum samstarfsverkefnum. Sigríður útskrifaðist sem atvinnuflugmaður frá Naples Air Center í Flórída og er auk þess með BS próf í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands.





Rannveig Rögn Leifsdóttir var ráðin í tímabundið hlutastarf hjá setrinu og vann hún að fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum setursins auk þess að koma að öðrum verkefnum. Hafði hún enn fremur umsjón með verkefninu *Umhverfis Hornafjörður*. Rannveig er með BS próf í líffræði auk þess að vera jöklaleiðsögumaður og landvörður.



Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir starfaði sem verktaki hjá setrinu. Sigrún Inga er verkefnastjóri rannsóknarverkefnis um þolmörk Breiðamerkursands. Auk þess vann hún að fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum setursins. Sigrún Inga er með MS próf í landfræði ásamt viðbótardiplóma í safnafræði.

Sandra Björg Stefánsdóttir var sérfræðingur hjá setrinu. Sandra er með BA próf í ferðamálafræði og viðburðastjórnun, ásamt MS prófi í mannauðsstjórnun. Sandra var í leyfi á árinu og lét af störfum á vormánuðum.



Hrefna Rún Kristinsdóttir starfaði í tímabundnu hlutastarfi hjá setrinu og vann hún að fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum setursins. Hrefna er með BA próf í þjóðfræði, M.Ed próf í kennslufræði og MA próf í menningargreiningu- og miðlun.

Anna Ragnarsdóttir Pedersen var í tímabundnu hlutastarfi hjá setrinu í tengslum við verkefnið *Gróska – félagslandbúnaður*. Anna er með BA próf í þjóðfræði og framhalds-diplóma í umhverfis- og auðlindafræði.



Verkefni ársins 2022

Líkt og undanfarin ár voru verkefni ársins ærin og hefur starfsfólk setursins unnið að fjölbreyttum og metnaðarfullum verkefnum. Setrið var þátttakandi í fimm erlendum samstarfsverkefnum á árinu auk ýmissa innlendra samstarfsverkefna. Eftir að höftum vegna Covid létti varð vinna að Evrópuverkefnum setursins aftur með svipuðu sniði og áður. Samstarfsfundir voru að nýju haldnir í persónu sem var afar ánægjulegt enda hafa þeir fundir mikið gildi fyrir þátttakendur. Þar gefst samstarfsaðilum tækifæri til að kynnast aðstæðum ólíkra þekkingarstofnana í samstarfslöndum innan Evrópu. Tveir slíkir fundir fóru fram í Nýheimum á árinu í tengslum við verkefni *Sustainable* og *Digital Communities*.

Líkt og undanfarin ár hafa verkefni setursins kallað á þátttöku íbúa í ýmsum verkþáttum. Íbúar hafa til að mynda tekið þátt í vinnustofum, mati á afurðum verkefna og kynningarviðburðum. Þátttaka íbúa er setrinu mjög mikilvæg og erum við öllum þeim sem hafa tekið þátt í starfi þess afar þakklát.

Í ársskýrslu þessari verður fjallað um helstu verkefni ársins en auk þeirra sem hér fá sérstaka umfjöllun eru ótalin smærri samstarfsverkefni og önnur verkefni er snúa að stjórnun og daglegum rekstri setursins.



Samstarfsaðilar SUSTAINABLE við Hoffelsjökul, mynd óþk.

Nýheimar 20 ára

Nýheimar voru teknir í notkun 2002 og átti húsið því 20 ára afmæli á árinu. Nýheimar þekkingarsetur vann að undirbúningi og framkvæmd afmælishátíðar Nýheima sem haldin var laugardaginn 27. ágúst. Afmælishátíðin var vel heppnuð með ræðuhöldum, kynningum og sýningum stofnana, kaffiveitingum sem voru reiddar fram af meðlimum kvennakórsins og frábærum tónlistaratriðum listafólks úr heimabyggð.

Gísli Sverrir Árnason, fyrrum formaður byggingarnefndar Nýheima, flutti erindi á hátíðinni þar sem hann fór yfir sögu Nýheima, ræddi gildi þeirra fyrir samfélagið og hvatti þá er standa Nýheimum næst til að efla þá enn frekar. Með leyfi Gísla Sverris er hér að neðan brot úr erindi hans.

Á vissan hátt leysti hugmyndin um alhliða þekkingarsetur á Hornafirði úr læðingi krafta sem gáfu þessu samfélagi nýtt þor, nýtt frelsi. Þessi hugmynd sem þróaðist hér fyrir um aldarfjórðungi og fagnað er í dag.

Með Nýheimum var Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu leystur úr fjötrum sem hann hafði verið í allt of lengi og frelsið sem hann fékk við flutning í nýtt húsnæði ýtti undir miklar framfarir og framsókn þessarar mikilvægustu menntastofnunar í héraðinu.

Með Nýheimum flutti Bókasafnið, sem getur rakið sögu sína til stofnunar lestrarfélags árið 1837, nú loksins í sitt eigið sérhannaða húsnæði og tók sannanlega frelsis-flugið fegins hendi eftir 165 ára sögu þrengsla og flutninga.

Og með Nýheimum fengu rannsóknir og nýsköpun, fræði og menning, listsköpun og samvera loks rými til þess að dafna og vaxa, samfélaginu öllu til heilla.

Nýheimar hafa slitið barnsskónum fyrir nokkru. Sem þroskuð og sjálfstæð heild eru Nýheimar nú orðnir tilbúnir til þess að láta virkilega til sín taka. Í því felst nefnilega frelsi hinna þroskuðu og fullorðnu; að mega láta til sín taka!

Nýheimar! Verið þátttakendur í samfélaginu. Gætið að umhverfinu og náttúrunni. Standið vörð um menningu og sögu; segið samfélaginu jafnvel til syndanna ef ykkur finnst það ana áfram án tillits til umhverfis og sögu. Veltið upp spurningum í samfélagsumræðunni og takið þátt í henni en verðið aldrei utanveltu og sjálfhverf glerhvelving.

Nýheimar! Þið eigið að vera áhrifavaldar, byggðarlaginu til heilla og ættuð að slá skjaldborg um réttinn til þess að hafa skoðanir og láta þær í ljósi. Þetta allt er eðli akademískrar starfsemi eins og Nýheimar eru. Víða um heim er fræðasamfélagið ekki frjálst. En það er frjálst á Íslandi og það er frjálst á Hornafirði! Frjálst frá valdhöfum, frjálst frá almenningsáliti og frjálst frá peningaöflum.



Afmælisveisla Nýheima, mynd HHR

Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema

Í Nýheimum gefst háskólanemum kostur á að nýta sér námsaðstöðu á Austurgangi. Setrið veitir háskólanemum aðgang að námsverinu sem hefur verið nokkuð vel nýtt af hornfirskum háskólanemum en á árinu voru 22 virkir notendur að námsverinu. Setrið veitir einnig þjónustu í tengslum við próftökur. Samtals þreyttu 31 nemi 86 háskólapróf á árinu sem er sami fjöldi prófa og árið 2018, árið 2019 voru prófin orðin 102 en fækkaði svo í Covid. Aðstaða til próftöku er í kennsluveri á Austurgangi en einnig hefur setrið átt í góðu samstarfi við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu um aðstöðu til próftöku.

Setrið leggur áherslu á að skapa hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur þar sem þeim gefst kostur á að vera hluti af fræðasamfélagi og stunda nám á eigin forsendum í heimabyggð. Háskólanemar sem nýta þjónustu og aðstöðu í Nýheimum fá einnig aðgang að læstum skáp, eldhúsi, kaffistofu, interneti og fundaraðstöðu í samráði við verkefnastjóra. Nemar sem nýta aðstöðuna gera námsaðstöðusamning við setrið en aðstaðan er nemum að kostnaðarlausu á opnunartíma Nýheima. Nemar sem óska eftir þjónustu vegna próftöku greiða fyrir hana lágmarksgjald. Fyrir þá nema sem vilja nýta sér húsnæði Nýheima utan opnunartíma er í boði að fá lykil að aðstöðunni gegn 5.000 kr. tryggingu sem endurgreiðist við samningslok.

Nemendur sem nýtt hafa aðstöðu og þjónustu setursins koma úr röðum flestra háskóla landsins auk erlendra skóla. Setrið hefur einnig í auknum mæli haft umsjón með prófum á sviði símenntunar í samstarfi við skóla og stofnanir um landið og voru níu slík próf í umsjón Nýheima á árinu.

Umsjón með þjónustu við háskólanema hefur Kristín Vala.



Efri mynd: Hugrún Harpa ræðir áskoranir Nýheima við rektor Háskóla Íslands og ráðherra Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar, mynd KVP
 Neðri mynd: erlendir samstarfsaðilar læra um heita reiti á Íslandi, mynd HHR

Ráðgjöf og þjónusta við frumkvöðla og atvinnulíf

Líkt og undanfarin ár hefur starfsfólk setursins sinnt þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Sú ráðgjöf er á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála og er gjaldfrjálst upp að ákveðnu marki. Gjaldfrjáls þjónusta miðast við almanaksárið og er allt að 7 klukkustundir fyrir einstaklinga og fyrirtæki og allt að 20 klukkustundir fyrir stofnanir. SASS sinnir starfsemi á sviði byggðaðróunar í nánu samstarfi við stofnanir á Suðurlandi en allt starf samtakanna byggir á Sóknaráætlun Suðurlands og þeirri framtíðarstefnumörkun sem þar kemur fram fyrir landshlutann. Gildandi sóknaráætlun Suðurlands nær til 2024 og felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir sem unnar voru í samráði við íbúa landshlutans. Megináherslur sóknaráætlunarinnar eru atvinna og nýsköpun, samfélag og umhverfi.


Uppbyggingarsjóður Suðurlands veitir styrki til nýsköpunar- og menningarverkefna tvisvar á ári og eru umsóknarfrestir í mars og október. Fjöldmörg hornfirsk verkefni hafa hlotið styrki úr sjóðnum en 17 styrkir runnu til verkefna á svæðinu árið 2022.

Samstarfsaðilar SASS eru auk Nýheima þekkingarseturs, Háskólafélag Suðurlands, Markaðsstofa Suðurlands, Kötlusetur, Kirkjubæjarstofa og Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir og Guðný Gígja Benediksdóttir veittu ráðgjöf og þjónustu til frumkvöðla í Nýheimum.

Nýsköpunarhópur

Nýsköpunarhópur, skipaður fulltrúum setursins, Vöruhússins og sveitarfélagsins, hélt áfram samstarfi sínu og samtali um nýsköpun í Sveitarfélaginu Hornafirði. Vinna hópsins hélt áfram að leiða af sér verkefni en hópurinn vann á vormánuðum styrkumsókn í Lóuna – nýsköpunarsjóð landsbyggðarinnar, fyrir verkefnið Fab stelpur og tækni, sem hlaut styrk og hófst á haustmánuðum. Hópurinn hefur í vinnu sinni meðal annars lagt áherslu á aðstöðumál frumkvöðla, nýsköpunarfræðslu og stuðningsnet nýsköpunar á Hornafirði. Þá var hópurinn þátttakandi í leiðarþjálfun fyrir frumkvöðlaráðgjafa sem haldin var í tengslum við verkefni á vegum Háskólafélags Suðurlands. Verkefnið hlaut styrk úr Lóu – nýsköpunarsjóði árið 2021 en fór þjálfunin fram á árinu 2022. Þar komu saman 25 ráðgjafar af öllu Suðurlandi og miðaði þjálfunin að því að efla þátttakendur í því hlutverki sínu að veita frumkvöðlum stuðning. Þekkingarsetrið var einn samstarfsaðila í verkefninu Sunnanátt en Háskólafélag Suðurlands leiddi vinnu að styrkumsókn fyrir verkefnið í Lóu – nýsköpunarsjóð. Verkefnið hlaut styrk og hófst vinna að því á haustmánuðum.

Nýsköpunarhópurinn hefur haft mikla þýðingu fyrir nýsköpunarstöð Nýheima og hefur eftt samstarf og samtal þvert á stofnanir er vinna að málefnum nýsköpunar á Hornafirði. Hópurinn hefur að markmiði að efla stuðningsnet nýsköpunar á svæðinu og mun sú vinna halda áfram.



Kynning á stafrænni þjónustu fyrir eldri borgara, mynd KVP

Valdefling ungmenna

Frá upphafi hefur setrið lagt áherslu á málefni ungs fólks og unnið að ýmsum verkefnum sem hafa sér í lagi snúið að valdeflingu hópsins, þátttöku þeirra og líðan innan samfélagsins. Þekkingarsetrið hefur unnið að því að efla og styðja við ungmenni á svæðinu í góðu samstarfi við Ungmennaráð Hornafjarðar og nemendaráð framhaldsskólans. Setrið stóð fyrir þremur valdeflandi viðburðum á árinu og voru þeir allir haldnir í tengslum við þátttöku þess í fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum. Til viðburðanna voru boðuð ungmenni sem áttu sæti í Ungmennaráði Hornafjarðar og nemendaráði framhaldsskólans. Á tveimur viðburðanna var lögð áhersla á samfélagsþátttöku, fjölbreytileika samfélaga, fordóma og tækifæri einstaklinga til áhrifa. Þeir viðburðir voru haldnir fyrir fulltrúa ráðanna að vori og aftur fyrir ný ráð að hausti. Annar viðburður var haldinn á haustönn en sá fjallaði um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Áhersla var lögð á tækifæri ungmenna til að vinna að markmiðunum í sínu daglega lífi og starfi sem fulltrúar í ráðum. Sérstaklega var unnið með heimsmarkmið 12 - ábyrg neysla og framleiðsla og 5 - jafnrétti kynjanna.

Það er afar mikilvægt að samfélagi takist að skapa þær aðstæður, andrúmsloft og viðhorf sem styður við og hvetur ungt fólk til þess að taka virkan þátt í mótun samfélagsins og framþróun þess. Aðeins þannig tekst okkur að skapa samfélag sem þessi sömu ungmenni horfa til sem búsetukosts til framtíðar. Það hefur ávallt verið sérstaklega ánægjulegt að vinna með ungmenum Hornafjarðar sem hafa gert samstarfið afar gefandi og ánægjulegt. Setrið hefur hug á að leggja áfram sitt að mörkum til að efla hópinn og skapa það samfélag og aðstæður sem er líklegt til að hafa hvetjandi áhrif á ungmenni Hornafjarðar.

Verkefnastjórar setursins hafa tekið þátt í samstarfshópi, sem er skipaður fulltrúum innlendra háskóla og stofnana, þar sem unnið er að mótun verkefnahugmynda sem snýr að málefnum ungs fólks á landsbyggðinni. Vonir standa til að sá öflugri hópur standi saman að styrkumsókn fyrir innlent samstarfsverkefni.



Ungmenni vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, mynd HHR



Ungmennri rýna í samfélagið á Höfn, mynd HHR



Ungmennri læra um jafnrétti og lausnarmiðun, mynd HHR

Innlend samstarfsverkefni og þjónustuverkefni

Þolmarkarannsókn á Breiðamerkursandi

Nýheimar þekkingarsetur og Náttúrustofa Suðausturlands hafa umsjón með verkefninu sem er unnið að beiðni Vatnajökulspjóðgarðs. Verkefnið er liður í Vörðu, sameiginlegu verkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Varða byggir á heildstæðri nálgun í stjórnun áfangastaða og var Breiðamerkursandur einn af fjórum fyrstu áfangastöðunum sem unnið er með í verkefninu. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- og heimsvísu. Meginaðdráttarafl þeirra eru náttúrufyrirbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir.

Viðfangsefni verkefnisins er ástandsmat á náttúru og innviðum á Breiðamerkursandi í ljósi vaxandi umferðar ferðafólks um svæðið. Markmið þess er að meta ástand svæðisins og greina mögulegar aðgerðir til að tryggja stöðugleika og jákvæða framvindu þess. Verkefnið felur í sér gagnaöflun og samráð við sérfræðinga auk kannana og úttekta á vettvangi. Auk umsjónaraðila verkefnisins hafa sérfræðingar Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði, Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, Náttúrustofu Austurlands, EFLU verkfræðistofu og Vegagerðarinnar, haft aðkomu að vissum þáttum verkefnisins.

Verkefnið hófst í ágúst 2021 og eru áætluð verklok í apríl 2023. Verkefnastjóri verkefnisins er Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir.

Hornafjörður náttúrulega

Hornafjörður náttúrulega er verkefni á vegum Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem felur í sér innleiðingu samnefndrar heildarstefnu í allt starf stofnana. Stefnan nær til næstu fimm ára og byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þekkingarsetrið fer með verkefnastjórn og hóf vinnu að verkefninu í lok árs en verkáætlun þess spannar árið 2023. Verkefnastjórar setursins munu vinna að skipulagningu og framkvæmd verkefnisins og vinna náið með starfsfólki stofnana að innleiðingu stefnunnar í starf þeirra. Auk vinnu með stofnunum felur verkefnið í sér miðlun og kynningu á viðfangsefnum stefnunnar til íbúa.



Frá Breiðamerkursandi, mynd KVP

Fab stelpur og tækni

Verkefnið Fab stelpur og tækni snýst um að auka áhuga stúlkna á aldrinum 14 - 20 ára á að nýta Fab Lab smiðjur og læra á stafræn tæki í tengslum við sitt áhugasvið. Enn fremur að fræða ungar stúlkur um heim tækninnar og fjölbreytta möguleika tæknináms og starfa í tækniiðnaði. Einnig snýst verkefnið um að brjóta niður staðalímyndir og hvetja ungar stúlkur til að vera virkar á sviði nýsköpunar og tækniþróunar. Verkefnið er fræðslusamstarf Vöruhússins/Fab Lab, grunn- og framhaldsskóla í Hornafirði og Nýheima þekkingarseturs.

Nýheimar þekkingarsetur og Vöruhúsið sóttu um og hlutu styrk fyrir verkefnið úr Lóu - nýsköpunarsjóði landsbyggðarinnar. Verkefnið hófst á haustmánuðum með þróun námskeiðs og námskeiðsgagna auk þess sem haldið var prufunámskeið með stúlkum á framhaldsskólaaldri. Á námskeiðinu lærðu þátttakendur meðal annars að vinna með þrívíddargögn og prenta út í þrívíddarprentara, teikna í vektor teikniforritinu Inscap og skera út í laserskera. Einnig fengu þátttakendur fræðslu um Arduino iðntölvur, lærðu um RGB LED borða og hvernig má stýra þeim með iðntölvu. Fyrir utan þessa fræðslu fengu þátttakendur kynningar um kvenkyns fyrirmyndir, bæði íslenskar og erlendar. Þátttakendur á námskeiðinu bjuggu til sinn eigin LED plexilampa. Áætlað er að verkefninu ljúki með skýrsluskrifum í ágúst 2023.



Kynningar á verkefnum setursins, myndir HHR

Gróska – félagslandbúnaður

Nýheimar þekkingarsetur sótti um og hlaut árið 2021 styrk frá Matvælasjóði fyrir samstarfsverkefni setursins, Grósku, Fab Lab smiðju Hornafjarðar og SASS. Frumkvæði að verkefninu áttu stjórnarmenn í félaginu Grósku sem stofnað var í þeim tilgangi að byggja upp félagslandbúnað í Sveitarfélaginu Hornafirði. Með því vill félagið stuðla að sjálfbærri og lífrænni ræktun á svæðinu í nánú samstarfi við matvælaframleiðendur.

Umsókn til Matvælasjóðs var vegna styrks fyrir fyrsta áfanga stærra verkefnis sem hefur verið í mótun innan Grósku. Hugmyndin felur í sér að komið verði upp gróðurhúsi sem verði búið tölvustýrðu vökvunarkerfi sem hefur verið í þróun hjá Fab Lab smiðju Hornafjarðar. Þar fari fram sjálfbær ræktun en einnig verði húsið nýtt til fræðslu og kennslu fyrir einstaklinga og nemendur í þeim tilgangi að miðla þekkingu á sjálfbærri ræktun til íbúa sveitarfélagsins.

Verkefnið fól í sér hagkvæmnisathugun, markaðsrannsókn og gerð viðskiptaáætlunar sem var afurð verkefnisins. Á vormánuðum lauk verkefninu með skýrsluskilum til Matvælasjóðs, verkefnastjórar setursins í verkefninu voru Guðný Gígja Benediktsdóttir og Anna Ragnarsdóttir Pedersen.

Umhverfis Hornafjörður

Umhverfis Hornafjörður hófst sem samstarfsverkefni Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Nýheima Þekkingarseturs, SASS og Vöruhússins. Verkefnið var árið 2021 styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og var megin markmið þess að efla hringrásarhagkerfi á Hornafirði auk þess að skapa regnhlíf fyrir þau verkefni sem nú þegar eru í gangi á svæðinu í anda hringrásarhagkerfisins. Verkefnastjóri Nýheima Þekkingarseturs hefur umsjón með verkefninu en myndaður hefur verið aðgerðarhópur þar sem sjálfboðaliðar á svæðinu aðstoða við framkvæmd verkefnisins. Hópurinn hefur stofnað Facebook og Instagram síðu í þeim tilgangi að miðla verkefninu og málefnum hringrásar til íbúa Hornafjarðar. Þar setur hópurinn inn fræðslu og aðrar færslur ætlaðar til vitundarvakningar almennings. Hópurinn hefur skipulagt viðburði í anda hringrásarhagkerfisins ætlað íbúum auk þess sem hópurinn hefur kynnt sér nýjar leiðir til endurvinnslu plasts og annarra efna sem nauðsynlegt er að endurvinna betur. Í lok árs 2022 var skipulögð fræðsluferð til Danmerkur þar sem verkefnistjóri fór ásamt aðgerðarhópnum til Danmerkur að kynna sér hvernig Danir nálgast hringrásarhagkerfið.



Frá fundi Samtaka þekkingarsetra, myndir HHR

Samtök þekkingarsetra

Nýheimar þekkingarsetur er aðili að Samtökum þekkingarsetra sem er tengslanet þekkingarsetra á landsbyggðinni sem starfa samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Meðal samningsbundinna verkefna setranna eru rannsóknir og þróun til eflingar byggðar, þjónusta við háskólanema, hagnýting og miðlun þekkingar sem og efling nýsköpunar, atvinnu og samfélagsþróunar. Samtökin hafa þann tilgang að efla samvinnu setranna á landsbyggðinni, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar. Ingunn Jónsdóttir, forstöðumaður Háskólafélags Suðurlands, er formaður stjórnar en með henni í stjórn eru þau Elsa Arnardóttir hjá Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi og Hörður Baldvinsson hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja.

Starfsmenn Nýheima sóttu þriðja ársfund samtakanna sem var haldinn í Þekkingarsetri Suðurnesja í Sandgerði í ágúst. Fundurinn var afar vel heppnaður en auk hins eiginlega ársfundar voru haldnir umræðu- og vinnufundir um sameiginlegar áherslur setranna. Ræddu fulltrúar þeirra möguleg samstarfsverkefni og aukið samstarf. Að þessu sinni var sérstök áhersla lögð á hlutverk setranna í menntun, rannsóknum og byggðapróun. Einnig var farið yfir sameiginlega vinnu setranna að gæðastefnu SPS og næstu skref er varða innleiðingu hennar í starf setranna. Næsti ársfundur verður haldinn af Háskólafélagi Suðurlands á Selfossi.

Erlend samstarfsverkefni

Setrið hefur frá stofnun þess tekið þátt í fjölda alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem flest hafa verið styrkt af Erasmus+, samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Á árinu var unnið að fimm slíkum verkefnum og lauk fjórum þeirra í lok árs. Setrið var aðili að aðeins einni umsókn í upphafi árs en það verkefni hlaut ekki styrk. Setrið býr nú orðið að nokkuð öfluglu fjölþjóðlegu tengslaneti og hefur um leið skapað sér gott orðspor í samstarfi. Beiðnum um þátttöku setursins í fjölþjóðlegum verkefnum hefur fjölgað mjög og gæti setrið vel verið aðili að mun fleiri umsóknum en komið verður við.



Erlendir samstarfsaðilar leysa verkefni, mynd KVB

Legends

Verkefninu Legends lauk í lok árs en þá hafði setrið unnið að því síðan síðla árs 2020. Verkefnið var styrkt af Erasmus+ og komu þátttakendur þess frá fimm Evrópulöndum: Íslandi, Búlgaríu, Spáni, Hollandi og Svíþjóð. Verkefnið var þróað vegna aukins áhuga á goðsögnum um heim allan undanfarin ár og áhrifum þeirra á samtímamenningu. Verkefnið fjallaði um þennan óápreifanlega menningararf sem finnst svo víða um Evrópu og hvernig megi nýta hann til eflingar lykilhæfni fullorðinna einstaklinga. Við upphaf verkefnisins kortlögðu og völdu samstarfsaðilar hæfnipætti sem talist geta til lykilhæfnipátta 21. aldarinnar. Þá voru valdar tíu þjóðsögur frá Íslandi, Búlgaríu, Spáni og Svíþjóð sem á einn eða annan hátt styðja við þá fjóra hæfnipætti sem valdir voru. Í kjölfarið var unnið að gerð stuttra teiknimyndasagna og tölvuleiks um sögurnar þar sem þátttakendur kynnst persónum sagnanna og takast á við nútíma vandamál með hliðsjón af hæfni sögupersónanna. Síðasti hluti verkefnisins fól svo í sér gerð námsefnis til hagnýtingar fyrir leiðbeinendur, efninu er ætlað að styðja við eflingu hæfnipáttanna og hefur verið gert öllum aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins. Námsfnið var prófað í öllum samstarfslöndum og í Nýheimum var haldið valdeflandi námskeið fyrir ungmenni á vormánuðum þar sem efnið var nýtt og prófað. Samstarfsaðilar skiptu með sér viðfangsefnum námsefnisins og fjallaði efni Nýheima þekkingarseturs um virka samfélagsþátttöku (e. Active Citizenship). Lokafundur verkefnisins var haldinn í Söderhamn Svíþjóð í lok ágúst en verkefninu lauk formlega 1. október.



Samstarfsaðilar Legends heimsækja Söderhamn, myndir HHR

Sustainable

Setrið lauk á árinu þátttöku í verkefninu Sustainable sem hófst árið 2020. Verkefnið var styrkt af Erasmus+ og komu þátttakendur þess frá átta Evrópulöndum: Íslandi, Svíþjóð, Belgíu, Írlandi, Ítalíu, Þýskalandi, Spáni og Rúmeníu. Meginmarkmið verkefnisins var að skapa heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna vægi í nálgun og aðferðum í fræðslu fullorðinna. Afurðum þess er ætlað að stuðla að aukinni vitund og þekkingu meðal kennara og leiðbeinenda um sjálfbærni. Um er að ræða hagnýtt efni fyrir kennara og leiðbeinendur til að auka vægi sjálfbærni í fræðslu og miðlun hvers konar.

Verkefnið fól í sér gerð handbókar um sjálfbærni og heimsmarkmiðin þar sem teknar voru saman staðreyndir og upplýsingar til hagnýtingar fyrir kennara og leiðbeinendur. Einnig var unnið að gerð leiðarvísis sem ætlað er að styðja við leiðbeinendur og kennara til að innleiða sjónarmið sjálfbærni í námsefni, aðferðir og námsumhverfi. Þessar afurðir voru yfirfarnar af fimm sérfræðingum í hverju landi, samtals 40 manns.

Loks var unnið að gerð kennsluefnis þar sem efnistösk og aðferðir miða að því að innleiða sjálfbærni í formlega, óformlega og formlausu menntun. Kennsluefnið var prófað í Nýheimum í júní þegar haldið var þjálfaranámskeið fyrir 25 manns frá öllum samstarfsstofnunum. Einnig var efnið prófað með hópi ungra Hornfirðinga í Nýheimum í október.

Kynningarviðburður var haldinn í Nýheimum í október þar sem stiklað var á stóru og sagt frá því helsta sem unnið hafði verið að undanfarin tvö ár. Sérstök áhersla var lögð á kennsluefnið og fóru þátttakendur m.a. í leik úr kennsluefninu þar sem var á jákvæðan hátt tekist á við stór vandamál, svo sem fæðuöryggi og jafnrétti.


Lokafundur verkefnisins var haldinn í Järvsö í Svíþjóð í lok október. Allar afurðir verkefnisins voru þýddar á tungumál þátttökulandanna og gerðar aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins.



Frá þjálfaranámskeiði samstarfsaðila, myndir KVB

Digital Communities

Verkefnið er fyrsta fjölþjóðlega samstarfsverkefnið sem Nýheimar þekkingarsetur sækir um og stýrir. Verkefnið var styrkt af Erasmus+ og er unnið í samstarfi sex aðila sem koma frá fimm Evrópulöndum, þ.e. Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi en þátttakendur frá Íslandi eru tveir, Nýheimar þekkingarsetur og Þekkingarnet Þingeyinga.



DIGITAL COMMUNITIES

Verkefnið miðaði að því að efla stafræna færni íbúa í sveitarfélögum á landsbyggðinni. Áhersla var lögð á eldri borgara í þessu samhengi ásamt sjálfboðaliðum, leiðbeinendum og umönnunaraðilum þeirra. Verkefnið hófst á greiningu á því hvaða stuðning aldraðir hafa þörf fyrir þegar kemur að því að nýta mismunandi þjónustu á veraldarvefnum. Liður í þessari greiningu voru spurningakannanir meðal markhópsins en niðurstöður þeirra ákvörðuðu efnistöð kennslumyndbanda og leiðbeininga sem samstarfsaðilar unnu að. Um er að ræða rafrænar leiðbeiningar um notkun opinberrar þjónustu á netinu. Efnið inniheldur upplýsingar um þjónustu sem boðið er upp á í viðkomandi landi auk þess sem kennslumyndbönd sýna skref fyrir skref hvar og hvernig má nýta þjónustuna. Kennsluefnið er byggt á raunverulegum dæmum og sýnir hvernig nýta má stafrænar lausnir til að sinna hversdagslegum erindum og til afþreyingar. Markmið kennsluefnisins er að efla sjálfstraust eldri borgara í notkun internetsins og þannig bæta lífsgæði nú þegar þjónusta er í síauknum mæli á vefnum.

Kennsluefnið var prófað með fulltrúum markhópsins á vormánuðum en á haustmánuðum voru haldnir kynningarviðburðir þar sem efnið var kynnt fyrir eldri borgurum og aðilum er starfa með hópnum. Þar var kynnt hvernig megi nýta efnið til kennslu, stuðnings og hvatningar. Mikil ánægja var meðal þátttakenda og var efninu fagnað mjög og ljóst að rík þörf er fyrir slíkan stuðning meðal eldri borgara. Setrið átti í góðu samstarfi við félagsmálasvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar við framkvæmd viðburða verkefnisins og hefur starfsfólk sviðsins nú þegar fundið not fyrir afurðir verkefnisins og veitt stuðning til skjólstaðinga á grunni þeirra. Þökkum við starfsfólki félagsmálasviðs fyrir samstarfið og áhugann sem þau hafa sýnt verkefninu.

Lokafundur verkefnisins var haldinn í september í Nýheimum en lokaskýrslu þess var skilað í desember. Við skil lokaskýrslu eru öll verkefni metin af sérfræðingum utan landsskrifstofu og gefin einkunn. Ánægjulegt er að segja frá því að verkefnið hlaut 90 stig af 100 mögulegum og telst þar með til fyrirmyndarverkefna í Erasmus+.

Allar afurðir verkefnisins hafa verið þýddar á tungumál samstarfslandanna og má finna þær á heimasíðu verkefnisins. Auk þess má finna íslenska útgáfu efnisins á heimasíðu setursins.



Samstarfsaðilar Digital Communities við Hornafjörð, mynd óþk.

NICHE

Verkefninu NICHE lauk í lok árs en samstarfsaðilar hafa unnið að því síðan síðla árs 2020. Verkefnið var styrkt af Erasmus+ og koma samstarfsaðilar þess frá sjö Evrópulöndum; Íslandi, Belgíu, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Spáni og Svíþjóð. Sótt var um verkefnið á Íslandi og fer samstarfssetur okkar, Þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík, með verkefnastjórn.



NICHE miðaði að því að efla frumkvöðlastarf með aukinni áherslu á nýtingu óáþreifanlegs menningararfs og þróun nýstárlegra aðferða í kennslu og þjálfun. Verkefnið fól í sér kortlagningu óáþreifanlegs menningararfs, meðal annars út frá greiningu á opinberum gögnum í þátttökulöndunum. Unnið var að þróun og gerð fræðsluefnis um óáþreifanlegan menningararf með það að markmiði að auka færni og hæfni starfsfólks á þessu ört vaxandi sviði. Áhersla var lögð á að hafa efnið notendavænt og nemendamiðað og lagt upp með að hafa það stutt og laggott, í átt að örþjálfun. Haldið var prufunámskeið þar sem farið var yfir efnið með þátttakendum sem lögðu mat á gæði þess og framsetningu. Allar afurðir verkefnisins hafa verið gerðar aðgengilegar á öllum tungumálum samstarfsaðila á heimasíðu verkefnisins. Lokafundur verkefnisins var haldinn á Pescara á Ítalíu í júní og fóru samstarfsaðilar þar yfir praktísk atriði varðandi verkefnalok, miðlun afurða og verkskil.



Svímyndir frá fundum SPECIAL og NIHCE í Pescara, myndir KVP

SPECIAL

Verkefnið SPECIAL: Supporting and Promotion EntreComp through Innovative Advanced Learning hófst í lok árs 2021 og er samstarfsverkefni sjö aðila sem koma frá sex Evrópulöndum. Sótt var um verkefnið á Íslandi og fer Þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík með verkefnastjórn en aðrir þátttakendur í verkefninu koma frá Belgíu, Ítalíu, Spáni, Rúmeníu og Svíþjóð. Verkefnið er til tveggja ára og er styrkt af Erasmus+.

SPECIAL miðar að því að styrkja lífsleikni og „mjúka færni“ (e. soft skills) ungs fólks sem er hvorki í námi né starfsþjálfun og án atvinnu (e. NEET). Markmiðið er að styðja þau til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Samstarfsaðilar hófu vinnu sína á kortlagningu á þörfum markhópsins, NEETs, eftir Covid-19 faraldurinn. Sú kortlagning var unnin í hverju landi fyrir sig og út frá EntreComp og LifeComp sem eru hæfniviðmið um frumkvöðlahæfni annars vegar og lífsleikni hins vegar. Einnig er lokið gerð þjálfunaráætlanir og fræðsluefnis sem verður þýtt á tungumál allra samstarfsaðila og prófað með þátttakendum í hverju landi. Allt efni verkefnisins verður gert aðgengilegt á heimasíðu þess.

Tveir fundir voru haldnir í verkefninu á árinu, sá fyrri í Pescara á Ítalíu í júní en sá seinni í Brussel í nóvember.




Fjárhagur


KPMG ehf Hornafirði annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðunar, reikningsskila og skattskila fyrir Nýheima þekkingarsetur. Samkvæmt ársreikningi Nýheima þekkingarseturs fyrir árið 2022 námu heildartekjur 66,1 millj. króna. Rekstrarniðurstaða setursins var neikvæð um 6,2 millj. króna og var sú upphæð færð til lækkunar á eigin fé setursins. Opinber framlög frá ríki námu 27,1 millj. króna og framlög frá SASS vegna samstarfssamnings 11,8 millj. króna. Tekjur af styrkjum úr verkefnasjóðum og aðrar tekjur námu samtals 27,2 millj. króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir setursins 13,2 millj. króna og bókfært eigið fé í árslok var 6,2 millj. króna.

Nánari upplýsingar um fjárhag setursins má finna í ársreikningi þess.

Tekjur 2022



Gjöld 2022





www.nyheimar.is